

Nd.

188. Frumvarp til laga

[143. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðið hámark þess afla, sem veiða má úr einstökum fiskistofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksaflla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksaflla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávaraflla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa, sem ekki hafa fengið slík leyfi.

Ráðherra getur ennfremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að veiðar á ákveðnum tegundum fiskistofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri þ. á m. botn- og flotvörpu eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið, að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip, er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum 2 000—14 000 gullkr. sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924 og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984 og gilda til ársloka 1984.

Greinargerð.

Þann 4. maí 1982 skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til þess að endurskoða lög nr. 81/31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefnd þessa voru skipaðir eftirfarandi: Már Elísson fiskimálastjóri, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Stefán Aspar skipstjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ólafur Björnsson útgerðarmaður og Þórhallur Helgason framkvæmdastjóri, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Tómas B. Ólafsson starfsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands og Jón B. Jónasson skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Í ársbyrjun 1983 tók Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri sæti Más Elíssonar í nefndinni, en hann lét af embætti fiskimálastjóra 1. janúar 1983. Enn fremur sótti Ingólfur Stefánsson framkvæmdastjóri nokkra fundi sem varamaður Stefáns Aspar þegar hann var fjarverandi vegna starfa sinna. Ritari nefndarinnar var Kjartan S. Júlíusson fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Í janúarlok 1983, skilaði nefndin svo frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til ráðherra. Verður hér á eftir gerð lítilla grein fyrir þeim breytingum frá gildandi lögum, sem í frumvarpinu fólust.

1. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að togveiðiheimildir yrðu ákveðnar í reglugerð af sjávarútvegsráðherra en ekki bundnar í lögum eins og tíðkast hefur.
2. Gerðar voru ýmsar veigaminni breytingar á ákvæðum laga 81/1976 í því skyni að gera þau einfaldari og jafnframt ótvíræðari.
3. Gerðar voru ýmsar breytingar með hliðsjón af fenginni reynslu um framkvæmd.
4. Felld voru niður ákvæði, sem telja má úrelt.
5. Tekin voru af tvímæli um heimild til leyfisbindingar togveiða. Ennfremur var ákveðið, að ný skip gætu ekki hafið fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands án tilskilins leyfis.
6. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að þær takmarkanir sem eru á dragnótaveiðum yrðu felldar niður.
7. Hafrannsóknastofnun var gert skylt að skila skýrslum um ástand nytjastofna og tillögum um aflakvóta fyrir 1. desember ár hvert.
8. Frumvarpið var nokkru víðtækara en gildandi lög, þar sem það tók til fleiri nytjastofna hér við land en l. 81/1976.
9. Lögfest var ótvíræð heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða heildarkvóta, skiptingu hans milli veiðarfæra og skipa og til setningar reglna um sóknartakmarkanir.

Ýmissa orsaka vegna var frumvarp þetta ekki lagt fram á síðasta þingi og eru ýmsir þættir þess enn til athugunar í ráðuneytinu og meðal hagsmunaaðila. Hinsvegar ber brýna nauðsyn til þess að þær breytingar, sem hér eru lagðar fram nái fram að ganga, og er frumvarp þetta því lagt fram í þessari mynd.

Hér skal tekið fram, að ákvæði þau, sem hér eru lögð fram eru í meginatriðum efnislega samhljóða tillögum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 10. gr. 1. nr. 81/1976 er vald ráðherra til þess að ákveða heildarkvóta bundið við að fiskistofn sé hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í yfirvofandi hættu. Þróunin hefur orðið sú, að heildarkvótar hafa verið ákveðnir í veiðum ýmissa nytjastofna, eins og t. d. síld, loðnu og rækju, þegar hætta hefur verið talin á að þessir stofnar myndu ofveiddir yrðu ekki settar takmarkanir á veiðarnar. Ráðherra gæti, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, samkvæmt þessari grein, ákveðið hversu mikið mætti veiða úr ákveðnum stofni tiltekið tímabil eða vertíð. Er þetta í raun nauðsynlegt til þess að fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti, sem aðstæður krefjast í dag. Í seinni hluta 1. mgr. er ráðherra veitt ótvíræð heimild til skiptingar heildarafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða einstakra skipa. Enda þótt skiptar skoðanir séu um aflakvóta á báta, hefur þróunin orðið sú, að til hans hefur verið gripið í vaxandi mæli, t. d. á síldveiðum, loðnuveiðum og rækjuveiðum. Slík skipting aflakvóta er ýmist gerð í leyfisbréfum eða í reglugerðum. Hafa slíkar ákvarðanir ávallt verið teknar í samráði við helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi.

Í 2. mgr. greinarinnar er í raun verið að veita afdráttarlausa heimild til þeirra sóknartakmarkana, sem notaðar hafa verið til takmörkunar á þorskveiðum undanfarin ár þ. e. „skrapdagakerfið“ svokallaða.

Sérstaklega skal áréttað og á það lögð áhersla, að náð samráð verður haft við hagsmunaaðila um framkvæmd ákvæða greinarinnar í heild, svo og einstakra þátta hennar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að þær takmarkanir sem nú eru á dragnótaveiðum verði felldar niður. Í gildandi lögum er ekki heimilt að veita leyfi til dragnótaveiða nema á tímabilinu 15. júní — 30. nóvember ár hvert og ekki má veita bátum lengri en 20 metra leyfi. Þessar takmarkanir hafa marga ókosti og má hér nefna að ekki er hægt að leyfa veiðar á sólkola með dragnót, því besti veiðitíminn á honum fyrir Suðurlandi er í maí, ennfremur hefur sú takmörkun, sem er á bátastærðum leitt til þess, að mörg góð skarkolamið t. d. úti fyrir suðurströndinni nýtast ekki. Ber brýna nauðsyn til að breyta þessu svo hægt sé að auka sókn í skarkola, sem er einn fárra stofna sem eru vannýttir hér við land.

Einnig má hér nefna, að mikill áhugi er fyrir því að reyna dragnótaveiðar á vetrarvertíðinni og minnka þannig netaveiðarnar. Hefur þetta verið gert víða t. d. í Noregi og gefið góða raun, enda er dragnótin að mörgu leyti hentugt veiðarfæri þar sem reksturskostnaður á dragnótaveiðum er tiltölulega lítil og einnig skilar hún góðu hráefni að landi.

Með þessum hætti væri einnig hægt að binda dragnótaveiðar við skarkolaveiðar á ákveðnum svæðum eins og gert hefur verið í Faxaflóa yfir sumar- og haustmánuði og binda úthlutun leyfa við ákveðinn fjölda skipa og leyfin skilyrðum sem nauðsynleg þættu.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð leyfisbundið veiðar á tilteknum nytjastofnum, í tiltekin veiðarfæri eða veiðar ákveðinna gerða veiðiskipa. Sú breyting sem felst í þessari grein frumvarpsins frá 14. gr. 1. nr. 81/1976 er fyrst og fremst sú að heimilt yrði að leyfisbinda allar togveiðar. Leyfisbinding togveiða er mjög nauðsynleg til stjórnunar þeirra veiða, því reyndin hefur orðið sú, að leyfisbinding veiða veiti mest aðhald í veiðum og sé virkasta leiðin til stjórnunar.

Að lokum skal hér látið koma fram að samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum eru eftirfarandi veiðar leyfisbundnar: Rækjuveiðar, humarveiðar, síldveiðar, loðnuveiðar, spærlingsveiðar, kolmunnaveiðar, hrognkelsveiðar, skelveiðar, nótaveiðar og netaveiðar. Aðeins línuveiðar og handfæraveiðar auk togveiða eru ekki háðar leyfum.

Um 4. gr.

Breyting þessi er nauðsynleg vegna þeirra ákvarðana, sem ráðherra kynni að taka með stoð í 10. gr. laganna (sbr. 1. gr. þessa frumvarps). Þarfnast að öðru leyfi ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að ráðherra geti heimilað togveiðar á svæðum þar sem veiða má fisktegundir, sem eru vannýttar eins og t. d. skarkola og steinbít.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Á 42. Fiskíþingi 1983 var samþykkt gerð um stjórnun fiskveiða, sem fylgir hér með. Ef breyta á stjórnun fiskveiða í þá átt sem þar er lagt til er ljóst að breyta verður núgildandi lögum.

42. Fiskíþing samþykkir að stjórnun fiskveiða á árinu 1984 verði með eftirfarandi hætti:

1. Við ákvörðun um hámarksafla einstakra fisktegunda á árinu 1984 verði þess gætt, að fiskstofnarnir vaxi til aukinna veiðimöguleika í framtíðinni.
2. Allar veiðar verði leyfisbundnar.
3. Kvótaskipting verði á öllum aðalfisktegundunum og á öll skip yfir 12 brúttórúmllestir, en sameiginlegur heildarkvóti á skip 12 rúml. og minni.
4. Aflamagn síðustu þriggja ára verði lagt til grundvallar við skiptingu aflakvóta á milli skipa.
Við úthlutun veiðikvóta til báta sem hafa sérstök leyfi til veiða skelfisktegunda, loðnu og síldar verði tekið tillit til heildaraflaverðmætis, miðað við samskonar skip á almennum fiskveiðum.
Öllum frávikum, sem gerir kvótaskiptingu óeðlilega fyrir einstök skip verði vísað til ráðgjafarnefndar sbr. 9. lið.
5. Úthlutun aflakvóta verði til eins árs í senn. Heimild verði gefin til þess að flytja úthlutaðan aflakvóta á milli skipa.
6. Veiðiheimildir verði rýmkaðar verulega frá því sem nú er. Endurskoðuð verði ákvæði um möskvastærð með tilliti til nýtingar tiltekinna fisktegunda.
7. Gerðar verði ráðstafanir til þess að allur afli sem á skip kemur verði færður að landi og fyrirbyggt eins og kostur er að verðminni fiski eða gölluðum sé hent aftur í sjóinn.
Lög um að gera afla upptækan verði afnumin.
8. Gildandi reglur um skyndilokanir svæða verði óbreyttar. Lokuð svæði verði ekki opnuð á ný fyrr en eftir könnun veiðieftirlitsmanns.
Kannað verði hvort unnt sé að beita skyndilokunum til þess að vernda fisk í hrygningu í stað þess fyrirkomulags sem nú gildir.
Allar veiðar báta verði áfram stöðvaðar um páska.
9. Þar sem hér er lögð til kerfisbreyting frá núgildandi tilhögun veiða, láti sjávarútvegsráðherra framkvæma nauðsynlega útreikninga nú þegar. Sjávarútvegsráðherra skipi nefnd eftir tilnefningu hagsmunaaðila til þess að fylgjast með framkvæmd kvótakerfisins og gefa umsögn og gera tillögur til ráðherra um úrlausn vandamála, sem upp kunna að koma.
10. Sú kerfisbreyting, sem hér er lögð til, gildir einungis til eins árs og verði tekin til endurskoðunar með tilliti til reynslu.